
F U N D A R G E R Ð

Fundur:	Raforkuhópur 2006-07
Fundartími:	Þriðjudagur 7. nóvember 2006 kl. 13:30
Fundarstaður:	Orkustofnun, Grensásvegi 9
Fundarefni:	1) Raforkunotkun á fyrstu níu mánuðum ársins.
	2) Verkefni ársins 2007 og fyrirkomulag vinnu.
	3) Gögn frá Netorku.
	4) Hitastigsleiðrétting raforkunotkunar.
	5) Önnur mál.

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn:	Ívar Þorsteinsson Gunnar Aðalsteinsson Pétur E. Þórðarson Íris Baldursdóttir Sigurður Ágústsson
Verkfræðistofan Afl:	Jón Vilhjálmsson Ingvar Baldursson
Fjarverandi:	Agnar Árnason

- 1) JV fór yfir raforkunotkun á fyrstu níu mánuðum ársins. Raforkuvinnslan hefur aukist um 11,1% frá sama tíma árið 2005 en flutningstöp hafa aukist um 7,6%. Stórnotkun hefur aukist um 15,5% en aukningin stafar af stækkun Norðuráls. Almenn notkun hefur aukist um 4,1%. Mikil aukning var í sölu á ótryggðri orku á 3. ársfjórðungi ársins miðað við árið á undan eða 37,5% aukning og er hún mest í fiskimjölsverksmiðjum á Austurlandi. PEP benti á að miklar birgðir væru af frosinni síld í Noregi og því hefði líklega mikið af síldaraflanum í sumar farið í bræðslu en einnig hefði bræðslunni á Siglufirði verið lokað. Ótryggð orka hefur minnkað um 1,8% það sem af er ársins. Forgangsortka hefur aukist um 5,0% það sem af er ársins. Eftir hitastigsleiðréttingu er aukning almennrar forgangsortku 5,5%. Nokkur umræða varð um þessa aukningu, sem er meiri en gert er ráð fyrir í raforkuspá, og af hverju aukningin er mun meiri frá maí mánuði en fyrir þann tíma. JV sýndi tölur um notkun við framkvæmdir á Austurlandi og aukna notkun í virkjunum vegna aukinnar vinnslu og ef þeir þættir eru teknir út minnkar aukning almennrar forgangsortku úr 5,0% í 3,3%. PEP sagði að t.d. á þessu ári stemmdi í met í fjölda nýrra heimatauga á Suðurlandi.

- 2) ÍP sagði að Orkustofnun mundi sjá um að setja gögn inn í gagnagrunn Orkustofnunar og að fara yfir gögnin. JV sagði að Orkustofnun yrði að fara yfir gögnin og bæta inn skilgreiningum á nýjum röðum þegar þær koma. Lækka má áætlunina um þá 40 tíma sem gert er ráð fyrir að fari í þann þátt. Ef Verkfræðistofan AFL þarf að aðstoða við það ætti að senda sér reikning fyrir því þar sem það væri ekki inni í áætluninni. ÍP samþykkti síðan áætlunina fyrir hönd Orkustofnunar og Íris fyrir hönd Landsnets. JV sýndi tillögu að ramma að verkefnum orkuspárnefndar næstu ár og leist fundarmönnum vel á þær tillögur en fjallað verður um þær á næsta fundi nefndarinnar.
- 3) JV sagðist hafa rætt við Torfa Leifsson hjá Netorku um að fá gögn frá þeim sem annars hafa fengist frá dreifiveitunum. Torfi sagði að slíkt ætti að ganga og gögnin gætu komið á sama formi og frá Landsneti. Hann sagði að dreifiveiturnar yrðu að greiða fyrir þessa þjónustu. JV sagðist telja eðlilegt að þessi breyting tæki gildi við næstu áramót. Fundarmenn voru sammála um að gera þetta.
- 4) Rætt var um hitastigsleiðréttingu raforkunotkunar. JV sagði að nokkuð væri um liðið síðan stuðlar um leiðréttingu voru síðast rannsakaðir og hlutur rafhitunar hefur minnkað síðan þá og væri því tími til kominn að endurskoða þá. Einnig væri spurning hvaða viðmiðunartímabil ætti að nota en undanfarin ár hefur verið miðað við árin 1949-1994. Nokkur umræða varð um viðmiðunartímabil og nefndi SÁ að í Noregi væru alltaf notuð síðustu 30 ár. JV benti á að ef hitastig væri að hækka gæti verið spurning hvort nota ætti styttra tímabil. Ákveðið var að stefna að því að fá fulltrúa frá Veðurstofu Íslands til að ræða þessi mál á fyrsta fundi eftir áramót. Reynt verður að endurnýja hitastigsleiðréttinguna á næsta ári þó þannig að sú vinna rúmist innan áætlunar fyrir hópinn.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 15:00. Næsti fundur ákveðinn 5. desember 2006.

Jón Vilhjálmsson

Sýnt var en ekki dreift:

- Töflur um raforkunotkun á fyrstu níu mánuðum ársins 2006.
- Vinna fyrir raforkuhóp orkuspárnefndar 2007. Verkefnishandbók. Útgáfa 0.1.
- Tillaga að ramma um vinnu orkuspárnefnd næstu ár.

Dreift var á fundinum: